

Ákvæði um stundarsakir.

19

Hrossakynbótanefnd getur fyrst um sinn, í síðasta skifti 1930, leyft, að kynbótahestar gangi lausir í heimahögum á tímabilinu frá 20. apríl til 1. október ár hvert, og gildir leyfið fyrir 1 ár í senn.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og inusigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

LÖG

20

15. júní

kirkjugjöld í Prestsbakkasókn í Hrótafirði.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmari, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

með samþykki Vorri

Prestsbakkakirkja í Strandaprófastsdæmi greiði hjer eftir engin kirkjugjöld til Óspakseyrarkirkju vegna þajna Guðlaugsvíkur, Kolbeinsár, Heydals og Skállholtsvíkur.

Kirkjusjórnir skal gjalda þessum kirkjugjöldum á hálfi ári numið að meðaltali undanfarin 5 ár kirkjugjöld þessum kirkjum greiða ár gjöld til Óspakseyrarkirkju, með skilgreiningu, höfudsvól og hlutaf, sem svári, með 6% vöxtum, jafnhárri upphæð og það meðaltal, með 20

**20**  
15. júní

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1927.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Jón Magnússon.*

**21**  
15. júní

## LÖG

um

### veitingasölu, gistihúshald o. fl.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Lög þessi taka til gistihúshalds og veitinga matar og drykkjar fyrir endurgjald, hvort sem þar fara fram í veitingastofum eða öðrum stöðum, sem almenningur á aðgang að, undir þaki, í tjaldi eða undir beru lofti. Lög- in taka þó ekki til áfengisveitinga, sbr. þó 6., 11., 12. og 15. gr.

2. gr.

Enginn má gera sjer gistihúshald eða veitingar að atvinnu, nema hann hafi fengið til þess leyfi lögreglustjóra. Utan kaupstaða geta hreppstjórar þó veitt leyfi til tækifærisveitinga. Leyfislaut má þó reka:

1. Veitingar á kaffi, tei, súkkulaði, mjólk og kókói í kökubúðum (Konditori) ásamt kökum þar gerðum.
2. Tækifærisveitingar til fjelags, er fjelagar einir eiga aðgang að, konur þeirra og börn.